



Nr.: GAT-115	Menntaskólinn í Kópavogi	
Útgáfa: 01		
Dags.: 13.02.2019		
Höfundur: GV		
Sampykkt: MF		
Síða 1 af 2	Áfangalýsing SAMF1FB05	

Búið til – útg.	23. okt. 2017 – 1. útg
Námsgrein	Samfélagsfræði
Titill	Samfélagið í nærmynd á framhaldsskólabraut
Skammstöfun	SAMF1FB05
Viðfangsefni	Samfélagið í nærmynd
Staða áfanga	Sampykkt af skóla
Prep áfanga	1
Einingafjöldi áfanga	5
Lýsing áfanga	<p>Markmið áfangans er að opna nemanda sýn á sjálfa sig sem nýta og góða þjóðfélagsþegna og þátttakendur í heimssamfélaginu. Nemandinn kynnist íslensku samfélagi og samtímasögu. Fjallað er um hugtök á borð við lýðræði, mannréttindi og stéttaskiptingu og ýmis brýn þjóðfélagsmál skoðuð eftir áhugasviði. Fjallað er um uppbyggingu samfélags og stöðu einstaklingsins, réttindi og skyldur. Nemandi temur sér gagnrýna hugsun, fordómaleysi og umburðarlyndi gagnvart ólíkum samfélagsgerðum og menningarheimum. Nemandi gerir sér grein fyrir þeim mótandi áhrifum og valdi sem fjölmiðlar geta haft á heimsmynd og daglegt líf fólks (t.d. auglýsingar, skrum, áróður, fordóma, kynhlutverk, einhliða fréttaflutning o.fl.). Hann gerir sér grein fyrir samfélaglegri stöðu mismunandi þjóðfélagshópa út frá t.d. aldri, kyni, stétt og uppruna. Hann fjallar um hlutverk fjölskyldunnar í nútímasamfélagi og mismunandi fjölskyldugerðir. Hann setur sér raunhæf markmið, t.d. um nám og eigin framtíð.</p>
Forkröfur áfanga	Áfangi á framhaldsskólabraut
Þekkingarviðmið	<p>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</p> <ul style="list-style-type: none"> • hugtökum á borð við kosningarétt, sjálfræði, lýðræði og samfélag, lýðveldi, nýlendustefnu og menningarheim • ákveðnum atriðum úr nánasta samtíma, þema, þjóð, atburði eða landssvæði sem mikið er í fréttum • upplýstri afstöðu til samfélagsmála • hugtökum eins og stríðsátakasvæðum, þróunarlöndum og iðnríkjum, Austurlöndum,

Nr.: GAT-115	Menntaskólinn í Kópavogi	
Útgáfa: 01		
Dags.: 13.02.2019		
Höfundur: GV		
Sampykkt: MF		
Síða 2 af 2	Áfangalýsing SAMF1FB05	

	<p>evrópskri menningu, hjálparstarfi, flóttamönnum, fátækt, stöðu barna, stéttaskiptingu, atvinnuleysi, mannréttindum, jafnrétti og framkvæmd lýðræðis o.s.frv.</p> <ul style="list-style-type: none"> • íslenskri samfélagsgerð og íslensku lýðræðissamfélagi • hlutverki einstaklingsins í lýðræðisþjóðfélagi í sífældri þróun
Leikniviðmið	<p>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</p> <ul style="list-style-type: none"> • greina og flokka ýmis samfélags- og fjölskyldumynstur • greina og flokka ýmis samfélagsvandamál, t.d. stríðsátök, og setja þau í samhengi • finna sjálfum sér stað í þjóðfélagslegu og hnattrænu umhverfi • kynna ákveðið málefni úr fréttum / fjölmiðlum út frá samfélagi, sögu eða landafræði fyrir samnemendum sínum
Hæfniviðmið	<p>Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann aflað sér til að:</p> <ul style="list-style-type: none"> • sýna jafnræði og fordómaleysi og taka fordómalaus afstöðu í samfélagsmálum sem er metið með munnlegu verkefni, t.d. rökfærslu í samtali, eða röklega byggðri ritsmíð • draga skynsamlegar ályktanir um samfélagslega, menningarlega, vistfræðilega og efnahagslega ábyrgð sína og vita hversu mikilvægt framlag hvers og eins er sem er metið með t.d. þátttöku í umræðum, skriflegum og munnlegum verkefnum • geta átt uppbyggileg og málefnaleg skoðanaskipti við annað fólk, s.s. kennara og samnemend. sem er metið með t.d. virki þátttöku, innleggi og framlagi í umræðum
Námsmat	<p>Símat, verkefni, þemavinna, ritgerðir, myndbönd o.fl. Áhersla á verkefnavinnu og að efnið sé víðtækt í upphafi og sniðið að áhugasviði nemenda sem síðan vinna markvisst að því í nokkurn tíma og endar með sýnilegum afrakstri (kynningu, málstofu o.fl).</p>